

4.

NÆSTI SIGUR Í LANDHELGISMÁLINU ER MIKLU
AUFUNNARI.

Um landhelgismálið þykist ég ekki mæla um of, þótt ég staðhæfi, að aðgerðir ríkisstjórnar Íslands í marzmánuði 1952 hafi markað djúp spor, sem gætir um víða veröld. Þá fékk kenningin um þriggja mílna landhelgina mikið áfall, en ýmsar öndvegisþjóðir höfðu fram til þess tíma krafið, að hún væri í heiðri höfð sem óbyggjandi lögmál og heimitað, að umheimurinn gerði hana að Biblíu sinni. Framtak Íslendinga við útfærslu og gerbreytingu friðunar- línunnar 1952, óhvikul fastheldni við þær gjörðir og ósveiganlegur vilji til að standa fast á réttinum - líka varðandi frekari útfærslu - hvað sem hver segði, vöktu alheimsathygli og óskipta aðdáun margra. Og hin hörðu viðbrögð og hefndarráðstafanir Brezkra útvegsmanna urðu til þess eins að auka eftirtekt á málinu og veg Íslendinga og virðingu fyrir þessari litlu þjóð, sem barðist fyrir sjálfsbjörg og jafnvel sjálfstæði sínu gegn ofurefli, hvikaði aldrei og gekk loks með sigur af hólmi. Og nú er svo komið, að enginn þorir í rauninni að halda fram helgi þriggja mílna línunnar. Nú þora andófsmenn heldur ekki að standa á friðun fjarða og flóa og fjögurra mílna landhelgi

sem endanlegri lausn, og nú hugsar all sóknarlið
miklu hærra. Andstaðan er nú svo buguð, að næsti
sigur er miklu auðunnari, ef fast er eftir fylgt,
en þó með fyrirhyggju.

Úr ræðu á Sjómannadaginn 2. júní 1957.

(Mbl. 4. júní 1957).